

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Náttúruverndarsjóð Pálma Jónssonar – hluta Minningarsjóðs Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar og er hluti Minningarsjóðs Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups. Hann var stofnaður hinn 1. desember 1991 af vandamönnum til minningar um Pálma Jónsson, Miðleiti 5, Reykjavík. Pálmi fæddist 3. júní 1923 og lést 4. apríl 1991. Sjóðnum hefur verið skipt upp í 5 hluti og runnu 2/5 hlutar til sjóðs þessa. Minningarsjóðnum er nú skipt upp í 2 hluta og rennur helmingur til til sjóðs þessa.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Minningarsjóðs Pálma Jónssonar að fjárhæð kr. 692.000. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Virðing, vægi, verðmæti.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að aukinni almennri þekkingu á íslenskrri náttúru svo að umgengi okkar og nýting á verðmætum hennar geti í ríkari mæli einkennst af virðingu og skynsemi. Samhliða verði leitast við að bæta tengsl Íslendinga við náttúru landsins og efla með því gott hugarfar, mannlíf og atvinnustarfsemi í sátt við umhverfið.

Markmiði þessu verði náð með því að styrkja verkefni sem fást við sköpun og miðlun þekkingar um náttúruna í víðum skilningi.

Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita árlega fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni til einstaklinga, verkefna og félaga, í gegnum listir, fræði og vísindi og þegar hún sér ástæðu til.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð styrks á hverjum tíma, en aldrei skal heimilt að rýra stofnfé sjóðsins með styrkveitingu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Í upphafi skipa stjórnina Lilja S. Pálmadóttir, kt. 101267-3859, Miðstræti 7, Reykjavík, Skúli Skúlason, kt. 111158-3559, Prestsstræti 12, Hólum, Sauðárkróki og Guðmundur Oddur Magnússon, kt. 050655-5049, Stórholti 18, Reykjavík. Falli stjórnarmaður frá eða gangi stjórnarmaður úr stjórninni, skal Lilja Pálmadóttir skipa nýjan stjórnarmann í þess stað. Kjósi Lilja að ganga úr stjórn sjálf skipar hún annan stjórnarmann í sinn stað. Falli Lilja frá skal stjórnarmaður skipaður úr röðum afkomenda hennar (elsta barn nema samkomulag sé um annað) eða maki hafi afkomendur ekki náð 25 ára aldri.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái sem best tilgangi sínum.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki sýslumannsins á Sauðárkróki.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfélagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 6. júlí 2007.

Ríkarður Mátsson.

Birkir M. Magnússon.